

Nd.

450. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 45 frá 27. maí 1938, um varnir gegn útbreiðslu mæðiveikinnar og stuðning til bænda, er beðið hafa tjón af henni.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er framkvæmdanefnd að fyrirskipa, samkvæmt óskum sveitarstjórnar eða upprekstrarfélags, breyting á fjallgöngum, smölun heimalanda og réttum, ef það telst nauðsynlegt til heftingar útbreiðslu veikinnar.

Breytingar þessar skulu bornar undir stjórnir nærliggjandi sveitar- eða upprekstrarfélaga áður en þær eru fyrirskipaðar.

Breytingar þessar teljast ekki brot á fjallskilareglugerðum.

2. gr.

Aftan við síðari málsgr. 18. gr. laganna bætist: Landbúnaðarráðherra er heimilt, eftir tillögum framkvæmdanefndar, að fella niður tíu aura gjaldið í þeim hreppum, sem garnaveikin (Johnesveikin) hefir valdið tjóni.

3. gr.

- a. Í stað orðanna „í árslok 1937“ í 1. tölul. 19. gr. laganna komi: í ársbyrjun árið áður en styrkurinn er veittur.
- b. Í stað orðanna „Til sýslu- og hreppavega“ í upphafi 2. tölul. sömu lagagr. komi: Til vegna.
- c. Aftan við sömu lagagrein bætist:

Nú hefir mæðiveiki gengið í einhverju héraði og er komin á það stig, að ráðlegt telst að dómi framkvæmdanefndar, að fjárstofninum sé komið upp að nýju, og er henni þá heimilt, af fjárframlögum þeim, sem ákveðin eru í fjárlögum samkvæmt 2. og 4. lið í grein þessari, að styrkja þá fjáreigendur á mæðiveikisvæðunum, sem misst hafa fé sitt af völdum veikinnar, til þess að koma sér upp nýjum fjárstofni.

Landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar, reglur þær, sem uppeldisstyrk þessum er úthlutað eftir.

Greinargerð.

Breytingar þær, sem hér er lagt til að gerðar verði á lögum nr. 45 frá 27. maí 1938, eru þessar:

- 1) Reynt að tryggja það, að ekki verði árekstur á milli samliggjandi sveitarstjórna eða upprekstrarfélaga vegna breytinga, sem gerðar kunna að verða á smölun og réttum, sem löginn heimila, að gerðar verði frá því, sem ákveðið er í viðkomandi fjallskilareglugerðum, með því að taka nærliggjandi hreppstjórnir eða stjórnir upprekstrarfélaga til ráðuneytis um breytingarnar.
- 2) Allsterkar kröfur hafa borizt frá þeim sveitarfélögum, þar sem garnaveikin hefir valdið tjóni, að þau verði leyst undan 10 aura gjaldi því, sem löginn ákveða á fjáreigendur utan mæðiveikisvæðanna til styrktar vörnunum. Nefndin sá ekki annað fært en að verða við kröfum þessum.
- 3) a. Skilyrði fyrir því, að bændur geti fengið vaxtatillag samkvæmt lögnum, er, að þeir hafi sannað skuldir sínar fyrir skattanefnd í árslok 1937. Ákvæði þetta var réttmætt þegar það var sett, en er nú orðið úrelt, sökum þess að það útilokar frá styrknum marga af þeim mönnum, er á síðari árum hafa misst fé sitt úr veikinni og ber því styrkur þessi jafnt og öðrum, sem löginn nú ná til.
b. Ákvæðinu um, að vegafé því, sem veitt er samkvæmt lögnum, skuli einungis varið til sýslu- og hreppavega, er breytt þannig, að heimilt skuli einnig að verja því til þjóðvega, þar sem það þykir af einhverjum ástæðum bezt henta.
c. Síðasta og veigamesta breytingin er sú, að ákveðið er að veita framkvæmdanefnd heimild til að breyta styrk þeim, sem löginn ákveða og veittur er í fjárlögum, í uppeldisstyrk á sauðfé í þeim héruðum, þar sem álitid er, að veikin hafi að mestu „rasað út“ og rétt telst að vinna að því að koma stofninum upp að nýju. Er það vitanlega það, sem stefna ber að — og eina færa leiðin til að tryggja áframhaldandi og lífvænlegan landbúnað í mörgum af sveitum þessum, ef það mætti takast. Framkvæmdanefnd hefir og þegar með samþykki ráðherra byrjað nokkuð á starfi þessu, en þar sem telja má hæpið, að til þess sé fullkomin heimild í lögnum eins og þau eru nú, telur landbúnaðarnefnd rétt og sjálfsagt að veita hana nú þegar skýrt og tvímælalaust.

Nánar í framsögu.